



| | | |
|-------------------|---------------------------------|---|
| Nr.: GAT-115 | Menntaskólinn í Kópavogi |  |
| Útgáfa: 01 | | |
| Dags.: 13.02.2019 | | |
| Höfundur: GV | | |
| Sampykkt: MF | | |
| Síða 1 af 2 | Áfangalýsing ÍSLE3CB05 | |

| | |
|-----------------------------|---|
| Búið til – útg. | 9.júní 2015 |
| Námsgrein | Íslenska |
| Titill | Bókmenntir að fornu og nýju |
| Skammstöfun | ÍSLE3CB05 |
| Viðfangsefni | Bókmenntasaga, heimildavinna, kynningar, valdir bókmenntatextar |
| Staða áfanga | Sampykkt af skóla |
| Prep áfanga | 3 |
| Einingafjöldi áfanga | 5 |
| Lýsing áfanga | <p>Grunnþættir: Læsi, sköpun, lýðræði og mannréttindi. Í þessum áfanga er meginviðfangsefnið bókmenntir og þróun þeirra. Nemendur kynnast völdum verkum og hugarheimi fyrri tíma með tengingu við nútímann. Nemendur lesa fornan og nýjan kveðskap, Íslendingasögur, nútímaskáldsögur, dagblaða - og tímaritsgreinar og horfa á sjónvarpsefni sér til gagns. Lögð er áhersla á heilræði og siðferðisboðskap. Nemendur fá þjálfun í ýmiss konar ritun m.a. ritgerðarsmíð, dagbókarskrifum, þýðingum, ljóða - og smásagnagerð. Nemendur fá tækifæri til að tjá sig um viðfangsefni áfangans, bæði í ræðu og riti. Nemendur æfast í tjáningu með því að flytja eigin texta og annarra, endursegja efni og halda kynningar. Einnig þjálfast nemendur í fjölbreyttri málnotkun. Frumkvæði, ábyrgð og sjálfstæð vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi.</p> |
| Forkröfur áfanga | ÍSLE3CA05 |
| Þekkingarviðmið | <p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • ritgerðasmíð, heimildavinnu og reglum um frágang texta • helstu einkennum íslensks máls sem nýtast í ræðu og riti • orðaforða í bókmenntum að fornu og nýju • mismunandi tegundum bókmennta, nytjatexta og málsniði, stefnum í íslenskum bókmenntum og helstu bókmenntahugtökum |
| Leikniviðmið | <p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • skrifa heimildaritgerð |

| | | |
|-------------------|---------------------------------|---|
| Nr.: GAT-115 | Menntaskólinn í Kópavogi |  |
| Útgáfa: 01 | | |
| Dags.: 13.02.2019 | Áfangalýsing ÍSLE3CB05 | |
| Höfundur: GV | | |
| Samþykkt: MF | | |
| Síða 2 af 2 | | |

| | |
|--------------------|--|
| | <ul style="list-style-type: none"> • ganga frá ritsmíðum skv. viðteknum venjum • nýta sér texta á gagnrýninn hátt • nota viðeigandi hjálpargögn við frágang ritsmíða • flytja af öryggi vel byggða ræðu eða kynningu • lesa forna og nýja texta sér til gagns og gamans • beita skýru og blæbrigðaríku og viðeigandi máli í ræðu og riti |
| Hæfniviðmið | <p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • skrifa skýran, vel uppbyggðan texta og geta valið sér ritstíl við hæfi • beita málinu á viðeigandi hátt í ræðu og riti við mismunandi aðstæður • geta komið skoðun sinni á framfæri í góðum texta á skilmerkilegan hátt • draga saman aðalatriði og beita gagnrýninni hugsun við lestur og úrvinnslu texta og átta sig á samfélagslegum skírskotunum • sýna þroskaða siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarhæfni og samliðan • öðlast innsýn í samspil bókmennta og samtíma |
| Námsmat | |